Qualified Electronic Signature
SVERRIR AÐALSTEINN JÓNSSON
2022-08-04 11:15:15 GMT
GoPro

Qualified Electronic Signature
BJÖRN STEFÁNSSON
2022-08-04 11:44:56 GMT
GoPro

UMHVERFIS STOFNUN

Múlaþing
Sóley Valdimarsdóttir
Lyngási 12
700 Egilsstaðir

Reykjavík, 4. ágúst 2022
UST202207-145/B.S.
10.04.02

**Efni: Aðalskipulag Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010 - 2030 - jarðgöng undir Fjarðarheiði. Vinnslutillaga. Umsögn**

Vísað er til erindis Múlaþings dags. 7. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda breytingu á aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar.
Um er að ræða staðsetningu jarðganga og ýmsar afleiddar framkvæmdir alls er um að ræða fimm breytingar.
Umhverfisstofnun telur að fremur ætti að kalla svæði til haugsetningar öðru lýsandi nafni en efnistökusvæði. Við haugsetningu útmoksturs ætti að reyna að flokka efnið eins og unnt er til að tryggja að gæðaefni spillist ekki. Einnig verði vandað til verka við mótun haugsins í ljósi þess að hann á eftir að verða mjög áberandi í landslaginu í a.m.k. 15 ár eftir að framkvæmdum við göngin lýkur.
Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við vinnslutillöguna.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson,
***sérfræðingur***

Sverrir Aðalsteinn Jónsson,
***teymisstjóri***